| | | |
|---|---|---|
| **From:** | Elvar Geir Sævarsson [hellvar@gmail.com] | Alþingi |
| **Sent:** | 7. maí 2012 08:26 | Erindi nr. Þ 140/2056 |
| **To:** | Nefndasvið umsagnir | komudagur 7.5. 2012 |
| **Subject:** | Athugasemdir vegna Rammaáætlunar. | |

"Ég, Elvar Geir Sævarson, geri alvarlegar athugasemdir við að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk í Rammaátælun og tel því betur borgið í verndarflokki. Þetta svæði er í næsta nágrenni höfuðborgarinnar og borgarbúar jafnt sem ferðamenn vilja njóta náttúrunnar við túnfótinn. Þess má geta að yfir um 120 þúsund ferðamenn komu á svæðið síðasta sumar.

Að breyta friðlýstum fólkvangi og útivistarsvæði í orkuvinnslusvæði er eitthvað sem hlýtur að vera rangt á tímum þegar náttúrusvæði í nálægð við þéttbýli hafa aldrei verið verðmætari einmitt nú þegar bensínverð er í hæstu hæðum og kostnaðarsamt að ferðast um langan veg til að njóta náttúru slíkra svæða.

Sömuleiðis ættu Eldvörp skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess ætti ekki að hrófla við umhverfi gígaraðarinnar sjálfrar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, sambærilegt við Lakagíga."

mbkv

--
Elvar Geir Sævarsson
+354-616-6770
+354-551-6668
http://www.facebook.com/hellvar